

# Greinargerð með ársreikningi 2022- lögð fram á ársþingi KSÍ 25. febrúar 2023

Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2022 voru 2.047.356.106 kr. eða 15% hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Helstu liðir í rekstrartekjum KSÍ:

- Styrkir og framlög ársins 2022 voru 1% undir áætlun, sem skýrist m.a. af því að KSÍ frestaði HatTrick verkefnum sem ætlað var að ljúka árið 2022 til ársins 2023.
- Tekjur af landsleikjum eru tilkomnar vegna miðasölu á heimaleikjum landsliða Íslands, þátttöku Íslands á EM A kvenna sem fram fór sumarið 2022 og tekjum vegna landsleikja erlendis. Niðurstaða þessa tekjuliðar voru 12 milljónir yfir áætlun, þ.e. 207 m.kr. í raun í stað 195 m.kr. í áætlun.
- Tekjur af sjónvarpsrétti voru 145 m.kr. yfir áætlun vegna uppgjörs á sjónvarpsréttargreiðslum vegna tímabilsins 2018-2022.
- Aðrar tekjur voru 8 m. kr. yfir áætlun, sem skýrist m.a. af erlendum leyfisgreiðslum, húsaleigu o.fl.
- Í júlí 2022 var auglýst eftir umsóknum um mótvægisstyrk frá stjórnvöldum vegna heimsfaraldurs en „markmiðið með stuðningnum er að bæta að hluta tekjutap og aukin útgjöld af völdum samkomutakmarkana“. Skemmst er frá því að segja að KSÍ fékk úthlutað rúmum 110 m.kr. sem bæta hluta af því tjóni sem KSÍ varð fyrir vegna heimsfaraldursins. Vert er að minna á í þessu samhengi að KSÍ skilaði neikvæðri afkomu árið 2021 en það ár var tap ársins, kr. 24,4 m.kr. og að árin 2020 og 2021 hurfu svo til tekjur af landsleikjum vegna samkomutakmarkana. Árið 2022 er KSÍ ennþá að glíma við aukinn kostnað vegna sóttvarnaráðstafana sbr. úrslitakeppni EM A kvenna sem fram fór sl. sumar.
- Þá voru rekstrartekjur Laugardalsvallar rúmum 4 m.kr. yfir áætlun. Helstu tekjur Laugardalsvallar eru framlag frá Reykjavíkurborg, vallarleiga og aðrir viðburðir (til dæmis bókamarkaður).

Rekstrargjöld ársins 2022 voru 1.748.494.736 kr. en áætlanir gerðu ráð fyrir því að gjöldin yrðu 1.641.416.670 kr. Helstu gjaldaliðir og niðurstöður þeirra:

- Heildarkostnaður landsliða árið 2022 var áætlaður rúmar 871 m.kr. en niðurstaða ársins var hins vegar 931 m.kr. Helstu frávik frá áætlun eru m.a. aukinn fjöldi verkefna A landsliðs karla (aukaleikir í nóvember) sem á sama tíma skiluðu auknum tekjum á móti fyrir sambandið. Kostnaður við A landslið kvenna fór einnig fram úr áætlun, sem skýrist af þátttöku í úrslitakeppni EM 2022 en þar kom til aukinn kostnaður m.a. vegna Covid reglugerða sem ekki var gert ráð fyrir við áætlunargerð.
- Kostnaður við mótahald var áætlaður rúmar 235 m.kr. en endaði í rúmum 245 m.kr. Helstu skýringar eru framlag til ÍTF sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun og aukinn kostnaður við uppsetningu á miðlægri stafrænni þjónustu (Media Hub) sem uppfyllir skilyrði samninga við erlenda aðila.
- Fræðslukostnaður var áætlaður rúmar 64 m.kr. en raunin varð rúmar 62 m.kr.
- Skrifstofu- og rekstrarkostnaður var áætlaður 305 m.kr. en niðurstaða ársins var 351 m.kr. Þar vegur þýngst launakostnaður sem fór 5% fram yfir áætlun sem skýrist m.a. af lögbundinni launahækkunum 1.apríl og 1. nóvember, uppbót til starfsmanna, starfsmannabreytingum og

uppgjöri orlofs. Tölvukostnaður fór einnig yfir áætlun svo og aðkeypt sérfræðiaðstoð, ráðstefnur og fundir. Ljóst er að kostnaður við ráðstefnur og fundi var vanáætlaður enda var kostnaður við þennan lið fyrir Covid, árið 2018 svo dæmi sé tekið 16,7 m.kr. Í ár var heildarkostnaður við ráðstefnur og fundi 16,4 m.kr. Varúð var tekin í niðurfærslu krafna sem kunna að tapast upp á 7,3 m.kr. sem ekki var áætlað fyrir. Afskrifaðar kröfur voru 1,6 m.kr.

Hagnaður ársins fyrir ráðstöfun til aðildarfélaganna var rúmar 310 mkr. en áætlanir gerðu ráð fyrir 139 mkr.

Alls var 153 m.kr. úthlutað til aðildarfélaganna, sem er 36 m.kr. umfram áætlun eða um 30%. Við 6 mánaða uppgjör KSÍ var ljóst að borð var fyrir báru fyrir Knattspyrnusambandið að ráðstafa auknum fjármunum til aðildarfélaganna sinna og var það gert. KSÍ greiddi 58,2 m.kr. til aðildarfélaganna (annarra en þeirra sem léku í Bestu deild karla) vegna barna- og unglingastarfs. Þá greiddi KSÍ félögum í leyfiskerfinu 41,1 m.kr., og auk þess greiddi KSÍ 54,1 m.kr. vegna sjónvarpsútsendinga í Mjólkurbikarkeppni KSÍ, ferðapáttökugjalds, verðlaunafjár og upptöku- og tæknibúnaðar. Þess má geta að stjórn KSÍ jafnaði sjónvarpsgreiðslur karla og kvennaliða í bikarkeppninni í ár.

Í þessu samhengi má nefna að félögin í Bestudeild karla fengu sérstakt framlag frá UEFA vegna þróunarstarfs barna og unglinga í knattspyrnu (club youth development), 159,5 m.kr. Þá fengu átta lið í Bestudeild kvenna (sem tóku ekki þátt í Evrópukeppni) einnig framlag frá UEFA, 19,2 m.kr. sem skilyrt er til þróunar á knattspyrnu kvenna.

Rekstrarniðurstaða Knattspyrnusambands Íslands á árinu er því 156.862.701 kr. en nauðsynlegt er að hafa í huga að þessi afkoma er byggð á einkisgreiðslum og ekki má draga of miklar ályktanir um afkomu sambandsins byggða á afkomu ársins 2022 eins og sjá má í áætlun ársins 2023.